

Fundur foreldrafélagsins 7. Janúar 2025

Á fundinum voru : Ríkey, Petra, Anna Sigga, Bjarki og Thorbjörg

Farið yfir mál frá seinustu fundum.

Anna Sigga, Harpa Rut og Petra funduðu með fræðslustjóra Mosfellsbæjar í desember vegan skólalóðar og til að fá upplýsingar um hvernig staðan er. Stefnt er að heyra frá fræðslustjóra aftur í janúar en þá á Mosfellsbær að vera búinn með undirbúningsvinnu.

- Vera í kjölfarið með opinn fund fyrir foreldra með fulltrúum Mosfellsbæjar þegar frekari svör koma frá Mosfellsbæ.

Jólafrímó - Gekk vel - almenn ánægja frá skóla, kennurum og nemendum - þetta er vonandi komið til að vera.

Það á að búa til lifandi skjal til að deila með bekkjarfulltrúum þar sem hægt er að setja inn spurninga sem gætu vaknað hjá fólki þegar fyrsta barn hefur skólagöngu og einnig varðandi hlutverk bekkjarfulltrúa og praktísk atriði sem fulltrúum finnst vanta upplýsingar um. Stefnt er að nýta þetta í upplýsingabækling fyrir bekkjarfulltrúa.

Rætt var um hugmyndir til að deila með foreldrum og fá þá til að taka þátt í mismunandi viðburðum og verkefnum.

Rætt um fasta fundi með skólastjórnendum - Anna Sigga ætlar að bóka það

Rætt um að fá leiðbeiningar fyrir sal og tæknimál þar – í vinnslu

Fræðslu fyrir bekkjarfulltrúa (Haldið í nóvember 2024)

Styrkveitingar fyrir verkefni sem eru á næstunni.

Rætt um fyrirlestra og hugmyndir á vorönninni - ætlum að athuga Kvan og Pálma með fræðslu. Jafnvel að fá Skúla inn í skólann